

Nd.

660. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt af þrem Alþýðuflokksmönnum í efri deild.

Í neðri deild er á þingskjali 114 flutt frumvarp um sömu laun kvenna og karla af sex þingmönnum Alþýðubandalagsins. Aðalmunurinn á þessum tveim frv. er sá, að það síðara gerir ráð fyrir, að launajafnrétti þetta taki strax gildi, en hið fyrra, að það náist á 6 árum, þ. e. a. s. á árunum 1962—1967. Þar sem ég sé engar fram- bærilegar ástæður til þess að láta það dragast í mörg ár, að þetta launajafnrétti fáiast, og ekki er ágreiningur um, að því er virðist, á háttvirtu Alþingi, að eðlilegt og réttlátt sé, að konur fái sama kaup fyrir sömu vinnu og karlmenn, þá hef ég leyft mér á þskj. 597 að leggja til, að frv. um sömu laun kvenna og karla á þskj. 114 verði samþykkt.

Þar sem ekki er útlit fyrir, að það frv. nái fram að ganga á þessu þingi, leyfi ég mér að flytja tillögur um breytingar á fyrrnefnda frumvarpinu, aðallega í þá átt, að konur öðlist launajafnrétti í einum áfanga á miðju þessu ári.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Konur skulu hafa sömu laun og karlar fyrir sömu störf.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við 6. gr. (sem verður 2. gr.). Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.

Alþingi, 25. marz 1961.

Jón Skaftason.